

Greinargerð stýrihóps KFS um innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar hjá Reykjavíkurborg

við framlagningu árshlutareiknings Reykjavíkurborgar janúar-september 2017

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Staða verkefnisins.....	1
Ábendingar stýrihópsins.....	2
KFS greiningar á fagsviðum borgarinnar frá árinu 2012.....	3
Íþróttar- og tómstundasvið.....	4
Menningar- og ferðamálasvið	5
Umhverfis- og skipulagssvið	6
Skóla- og frístundasvið	7
Velferðasvið.....	8

Inngangur

Reykjavíkurborg vinnur nú að lokaáfangi innleiðingar á kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun (KFS). Sá áfangi snýr að því að; 1) ljúka greiningu á þjónustupáttum borgarinnar, 2) jafnréttismati á breytingum fjárhagsáætlunar, 3) jafnréttismati við ákvarðanir um hagræðingarleiðir út frá niðurstöðum djúpgreininga skrifstofa og sviða, 4) söfnun og birtingu tölfraeðigagna og 5) enn frekara samstarfi við innlenda og erlenda aðila.

Markmið innleiðingar KFS er að safna gögnum og skapa þekkingu um ólíka stöðu borgarbúa sem leiðir af sér réttlátari dreifingu gæða og fjármuna. Greining þjónustupátta með aðferðafræði KFS er forsenda þess að hægt sé fyrir kjörna fulltrúa að taka upplýstari ákvarðanir varðandi dreifingu fjármuna borgarinnar með hagsmuni allra borgarbúa að leiðarljósi.

Staða verkefnisins

Sviðin hafa unnið að greiningu þjónustupátta miðað við fyrirbyggjandi aðgerðaráætlun síðan árið 2012 þegar fyrstu tilraunaverkefni voru sett af stað. Í meðfylgjandi töflum kemur fram að stór hluti af þjónustu borgarinnar hefur enn ekki farið í gegnum KFS greiningu.

Tafla 1 hér að aftan sýnir lista yfir þær greiningar sem unnar hafa verið eftir aðferðafræði kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar á hverju sviði frá upphafi. Vert er að benda á að stórt hlutfall greininganna var unnið árið 2012. Í töflum 2-6 hér að aftan er lýst stöðu innleiðingar á sviðum borgarinnar með tilliti til ráðstafaðra fjármuna til þjónustupátta samkvæmt frumvarpi að fjárhagsáætlun 2018. Þá er bent á hvaða útgjaldaliðir hafa verið greindir með aðferðafræði KFS og hvar er byrjað að telja og flokka notendur þjónustunnar úr frá aðferðafræði KFS.

Á Íþrótt- og frístundasviði hefur KFS greiningu ekki verið lokið á neinum þjónustupætti en byrjað er að flokka og greina u.þ.b 16% af útgjaldaliðum. Á Menningar- og ferðamálasviði hefur KFS greiningu ekki verið lokið á neinum þjónustupætti en byrjað er að flokka og greina u.þ.b 28% af útgjaldaliðum. Á Umhverfis- og skipulagssviði er byrjað að flokka og greina u.þ.b 25% af útgjaldaliðum en u.þ.b 10% af útgjaldaliðum hafa verið greindir með aðferðafræði KFS greiningu. Þar er einnig búið að taka ákvarðanir um fleiri greiningar á næsta ári. Á skóla- og frístundasviði er búið að greina þróunar- og almenna styrki út frá aðferðafræði KFS en sá útgjaldaliður er einnig u.þ.b 0,04% af heildarútgjöldum sviðsins. Þá er byrjað að flokka u.þ.b 4,3% af útgjaldaliðum en ekki liggur fyrir greining á grunn- og leikskólaþjónustu borgarinnar ef frá er talin greining á stuðningsþjónustu og sérkennslu, en fjárheimildir til þessara tveggja stóru þjónustupátta í fjárhagsáætlun 2018 nema um 45 milljörðum af um 52 milljarða fjárheimildum SFS. Á Velferðarsviði er innleiðing KFS lengst komin, þar er búið að flokka og greina samtals u.þ.b 47% af útgjaldaliðum og búið að taka ákvarðanir um fleiri greiningar á næsta ári.

Ábendingar stýrihópsins

Stýrihópur KFS telur brýnt í ljósi stöðunnar á innleiðingu kynjaðrar starfs- og fjárhagsáætlunar hjá Reykjavíkurborg að gera eftirfarandi breytingar á verklaginu til þess að verkefnið fái þá stöðu og forgang sem það þarf til að skila árangri:

1. Ábyrgð á innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar verði færð til sviðsstjóra á hverju sviði. Skipað verði teymi á hverju sviði sem hefur umsjón með greiningum þjónustubátta á sviðinu og styður við innleiðingu kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar. Teymið njóti stuðnings stýrihóps KFS og verkefnastýru. Fagráðum verði falið eftirlit með framgangi innleiðingu KFS á hverju sviði.
2. Stýrihópi KFS verði falið það verkefni að gera borgarráði grein fyrir framgangi innleiðingar KFS á sviðum borgarinnar með árshluta- og ársuppgjörum með ábendingum um nauðsynlegar aðgerðir til að verkefnið nái markmiðum sínum.
3. Stýrihópur KFS beri ábyrgð á að innleiða verkferla sem styðja við framkvæmdina á jafnréttismati og jafnréttisskimun á öllum sviðum, bæði vegna ákvarðana um rekstrar- og fjárfestingaútgjöld. Fylgt verði þeirri reglu að borgarráð afgreiði ekki tillögur um útgjöld nema að fyrir liggi jafnréttismat eða eftir atvikum aðeins jafnréttisskimun og umsögn stýrihóps KFS. Þess má geta að stýrihópur KFS og SEA hafa lokið vinnu við endurskoðun á verklagi við gerð fjárfestingaáætlunar þar sem sviðum ber að leggja fram rökstuðning og niðurstöður jafnréttisskímunar með tillögum sínum. Mikilvægt er að því verklagi sé fylgt eftir. Þá gera reglur um fjárhagsáætlun ráð fyrir að tillögum um auknar fjárheimildir til sviða (þ.e. viðaukum) fylgi jafnréttismat og umsögn stýrihóps KFS.
4. Setja verður skýr markmið um áframhald innleiðingu KFS hjá Reykjavíkurborg. Setja aðgerðaáætlun og fjármuni sem tryggja framgang verkefnisins.
5. Setja verður áætlun um fyrirkomulag gagnamála hjá Reykjavíkurborg varðandi kyngreind gögn og gagnastefna borgarinnar verði þar að leiðarljósi.
6. Telji fagsvið ekki viðeigandi að greina þjónustubátt út frá aðferðafræði KFS, er gerð krafa um að sviðið leggi fram rökstudda greinargerð máli sínu til stuðnings. Greinargerðin verði lögð fram í stýrihópi KFS sem þarf að samþykkja slíka beiðni um undanþágu.

Reykjavík, 27. nóvember 2017

Birgir Björn Sigurjónsson, formaður

Freyja Barkardóttir, verkefnisstjóri

Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri

Baldur Örn Arnarsson, menningar- og ferðamálasvið

Bryndís Eva Sverrisdóttir, velferðarsvið

Halldóra Gunnarsdóttir, mannréttindaskrifstofa

Halldóra Káradóttir, fjármálaskrifstofa

Kolbrún Hrund Sigurgeirsdóttir, skóla- og frístundasvið

Ragnhildur Ísaksdóttir, starfsmannastjóri

Steinunn Rögnvaldsdóttir, umhverfis- og skipulagssvið

KFS greiningar á fagsviðum borgarinnar frá árinu 2012

Tafla 1: KFS greiningar á fagsviðum borgarinnar frá árinu 2012

Svið	Verkefni	Ár
Íþróttta- og tómstundasvið	Frístundakort	2012
	Sundlauga gestir	2012
	Styrkir og framlög borgarinnar til íþróttamála	2014
	Sumarráðningar 2015	2015
	Hitt Húsið	í vinnslu
	Fjölskyldu- og húsdýragarðurinn	í vinnslu
Menninga- og ferðamálasvið	Styrkjaúthlutanir menningar- og ferðamálaráðs	2012
	Listaverkakaup	2012
	Börn og menningaruppeldi	2014
	Samsetning og viðhorf gesta menningarstofnana	2015
	Útlán og "Bókin heim" - Borgarbókasafn	2015
	Viðhorf og hegðun ferðamanna	2016
	Barnamenningarhátíð 2016	2016
	Barnamenningarhátíð 2017 - samanburður	2017
	Börn og menningaruppeldi - samanburður	í vinnslu
	Viðhorf og hegðun ferðamanna	í vinnslu
	Samstarfssamningar	í vinnslu
Umhverfis- og skipulagssvið	Skipulagsmál	2013
	Hjólreiðaáætlun	2016
	Byggingafulltrúi	2016
	LUKR og landupplýsingar	2016
	Grasagarður	2016
	Vinnuskólinn	2017
	Samgöngumál	í vinnslu
	Úrgangsmál, sorphirða og sorpeyðing	í vinnslu
Skóla- og frístundasvið	Þáttaka unglinga í félagsmiðstöðvum 13-16 ára	2012
	Að koma börnum ári fyrr á leikskóla	2012
	Þáttaka foreldra í foreldrafélögum leik- og grunnskóla og skólaráðum grunn	2012
	Stuðningur í leikskólum, grunnskólum og frístundaheimilum	2013
	Almenn sérkennsluúthlutun til borgarrekinnna grunnskóla	2014
	Þáttaka barna í félagsmiðstöðvum 10-12 ára	2014
	Styrkveitingar	2015
Velferðasvið	Þjónusta við utangarðsfólk	2012
	Félagsstarf aldraðra	2012
	Fjárhagsaðstoð: Framfærslustyrkur	2014
	Fjárhagsaðstoð: Heimildagreiðslur	2015
	Stuðningsþjónusta	2016
	Dagþjónusta	2017
	Búsetuúrræði	2017
	Samningar, framlög og styrkir	í vinnslu

Íþróttta- og tómstundasvið

Tafla 2: Staða KFS greiningar hjá ÍTR með hliðsjón af frumvarpi að Fjárhagsáætlun 2018. Í aftasta dálki er sýnt hvaða útgjaldaliðir hafa hlotið KFS greiningu. Í næstaftasta dálki er sýnt hvar notendur þjónustunnar hafa verið flokkaðir skv. KFS eða greiningar eru í vinnslu.

						Áætlun 2018				
			Rauntölur 2016	Áætlun 2017	Esk. áætlun 2017	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Flokkun notenda/í vinnslu	KFS greining
Íþróttta- og tómstundasvið										
Yfirstjórn ÍTR			146.337	172.334	173.654	179.338		179.338		nei
Sundlaugar Sundlauga gestir			1.242.274	1.401.816	1.401.816	2.366.336	916.504	1.449.831	já	nei
Íþróttamál			642.297	635.353	635.353	683.559	39.842	643.717		nei
Skíðasvæðin			86.245	92.444	92.444	414.829	319.890	94.940		nei
Önnur starfsemi			861.512	956.637	956.637	1.256.952	256.693	1.000.259		nei
Hitt húsið			193.787	209.078	209.078	238.725	21.272	217.453	já	
Fjölskyldu- og húsdýragarður			229.715	260.067	260.067	458.356	184.526	273.830	já	
Styrkir .			3.729.319	4.126.861	4.186.861	4.372.599	45.621	4.326.979		nei
Styrkir til æskulýð		I9010	21.226	24.964	24.964	25.638		25.638	já	
Frístundakort		I9340	527.162	726.915	726.915	727.668		727.668	já	
Samtals			6.707.985	7.385.445	7.446.764	9.273.614	1.578.550	7.695.064		
Samtals skoðaðir þjónustubættir						1.450.386	205.798	1.244.589	15,6%	0%

Menningar- og ferðamálasvið

Tafla 3: Staða KFS greiningar hjá MOF með hliðsjón af frumvarpi að Fjárhagsáætlun 2018. Í aftasta dálki er sýnt hvaða útgjaldaliðir hafa hlotið KFS greiningu. Í næstafasta dálki er sýnt hvar notendur þjónustunnar hafa verið flokkaðir skv. KFS eða greiningar eru í vinnslu.

						Áætlun 2018				
		Eining1	Rauntölur 2016	Áætlun 2017	Esk. áætlun 2017	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Flokkun notenda/í vinnslu	KFS greining
Menningar- og ferðamálasvið										
Yfirstjórn			103.934	108.753	110.114	120.077		120.077		nei
Höfuðborgarstofa			173.591	178.431	178.431	166.296	59.514	106.782		nei
Barnamenningarhátíð								8.320	já	
Viðhorf og hegðun ferðamanna										
Borgarbókasafn Reykjavíkur			868.151	919.013	923.190	1.016.614	48.930	967.684		
Börn og menningaruppeldi									já	
Samsetning og viðhorf gesta									já	
Útlán og "bókin heim"									já	
Listasafn Reykjavíkur			378.824	396.865	396.865	542.257	126.546	415.711		
Börn og menningaruppeldi									já	
Samsetning og viðhorf gesta									já	
Listaverkakaup						22.666	6.750	15.916	já	
Borgarsögusafn Reykjavíkur			435.774	454.731	454.731	731.445	252.867	478.578		
Börn og menningaruppeldi									já	
Samsetning og viðhorf gesta									já	
Önnur menningarstarfsemi				42.028	42.028	72.541	13.640	58.901		
Styrkir og samstarfssamningar			1.342.291	1.399.617	1.399.617	1.461.968	60	1.461.908	já	
Framlög			788.519	750.613	967.903	960.741		960.741		nei
Annað ...			106.545	98.474	104.981	181.386	14.620	166.766		nei
Samtals			4.197.628	4.348.525	4.577.861	5.253.326	516.177	4.737.149		
						1.484.634	60	1.470.228	28,3%	0%

Umhverfis- og skipulagssvið

Tafla 4: Staða KFS greiningar hjá USK með hliðsjón af frumvarpi að Fjárhagsáætlun 2018. Í aftasta dálki er sýnt hvaða útgjaldaliðir hafa hlotið KFS greiningu. Í næstafasta dálki er sýnt hvar notendur þjónustunnar hafa verið flokkaðir skv. KFS eða greiningar eru í vinnslu.

						Áætlun 2018				
	Eining1	Rauntölur 2016	Áætlun 2017	Esk. áætlun 2017	Gjöld	Tekjur	Mismunur		Flokkun notenda/í vinnslu	KFS greining
Umhverfis- og skipulagssvið										
Umhverfis og samgönguráð o		578.493	692.297	694.527	998.832	265.029	733.803			
Landupplýsingar	U0300	125.670	144.885	144.885	152.902	3.500	149.402			já
Skipulagsfulltrúi		177.655	231.463	231.463	313.616	65.933	247.683			já
Samgöngustjóri og borgarhön		152.031	116.425	(101.734)	967.298	1.048.871	(81.573)		já	
Hjólreiðaaætlun										já
Byggingarfulltrúi		13.146	64.870	64.870	267.266	202.694	64.572			já
Umhverfisgæði		469.710	466.430	466.430	2.167.621	1.669.464	498.157			
Úrgangsmál		68.987	(9.481)	(9.481)	1.654.374	1.660.239	(5.865)		já	
Grasagarður	U5700	80.203	86.577	86.577	100.918	3.600	97.318			já
Vinnuskóli	U5800	22.707	29.179	29.179	32.163		32.163			já
Nemendur Vinnus	U5810	49.948	69.528	69.528	69.528		69.528			já
Leiðbeinendur Vin	U5820	62.801	90.862	90.862	94.345		94.345			já
Fræðslu- og félags	U5830	7.525	12.361	12.361	12.871		12.871			já
Þjónustumiðstöðv	U5840	27.135	31.242	31.242	30.405		30.405			já
Heilbrigðiseftirlit		67.490	92.945	92.945	281.226	179.277	101.949	**		nei
Framkvæmdir og viðhald mar		920.685	976.212	976.212	1.105.419		1.105.419	**		nei
Rekstur og umhirða borgarlan		4.089.823	3.886.205	3.898.806	4.536.899	30.850	4.506.049	*		nei
Samtals		6.469.033	6.526.847	6.323.519	10.638.178	3.462.118	7.176.060			
Samtals skoðaðir þjónustubættir					3.695.685	2.984.837	710.848		24,6%	10,1%
*áætlað að greina 2018					4.536.899	30.850	4.506.049	42,6%		
**ekki talin ástæða til að greina					1.386.646	179.277	1.207.369	13,0%		

Skóla- og frístundasvið

Tafla 5: Staða KFS greiningar hjá SFS með hliðsjón af frumvarpi að Fjárhagsáætlun 2018. Í aftasta dálki er sýnt hvaða útgjaldaliðir hafa hlotið KFS greiningu. Í næstaftasta dálki er sýnt hvar notendur þjónustunnar hafa verið flokkaðir skv. KFS eða greiningar eru í vinnslu.

						Áætlun 2018				
		Eining1	Rauntölur 2016	Áætlun 2017	Esk. áætlun 2017	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Flokkun notenda/í vinnslu	KFS greining
Skóla- og frístundasvið										
Frístund			2.690.614	3.241.126	3.223.665	4.036.136	662.863	3.373.273		nei
Leikskólar og dagforeldrar			12.649.426	13.621.755	13.689.046	16.078.545	1.466.711	14.611.834		nei
Sérkennsla í leikskólum	D011		98.601	879.052	351.749	987.364	20.000	967.364	já	
Grunnskólar			24.197.613	24.636.581	26.417.128	28.839.715	1.862.996	26.976.719		nei
Sérkennsla	M2206		94.462	1.254.037	624.466	1.247.362		1.247.362	já	
Félagsmiðstöðvar*								743.686	já	já
Skóla- og frístundasvið - yfirstærðir			976.420	1.185.823	1.178.697	1.161.421		1.161.421		
Þróunarstyrkir og	D655		23.616	25.000	22.000	22.000		22.000	já	já
Listaskólar, fullorðinsfræðsla			1.660.233	1.603.245	1.724.409	1.774.637	58.310	1.716.327		nei
Samtals			42.174.306	44.026.694	45.971.110	51.890.454	4.050.880	47.839.574		
Samtals skoðaðir þjónustuþættir						2.256.726	682.863	5.610.000	4,3%	0,04%

Velferðarsvið

Tafla 6: Staða KFS greiningar hjá VEL með hliðsjón af frumvarpi að Fjárhagsáætlun 2018. Í aftasta dálki er sýnt hvaða útgjaldaliðir hafa hlotið KFS greiningu. Í næstafasta dálki er sýnt hvar notendur þjónustunnar hafa verið flokkaðir skv. KFS eða greiningar eru í vinnslu.

					Áætlun 2018						
		kostn.st	Rauntölur 2016	Áætlun 2017	Esk. áætlun 2017	Gjöld	Tekjur	Mismunur		Flokkun notenda/í vinnslu	KFS greining
Velferðarsvið											
Skrifstofur			3.343.425	3.406.957	3.460.080	3.548.865	425	3.548.441			nei
Nefndir og ráð			86.326	85.365	90.562	90.340		90.340			nei
Fjárhagsaðstoð			2.240.601	2.471.690	2.445.133	1.974.066		1.974.066		já	já
Húsaleigubætur			1.037.846	1.101.839	1.101.839	975.791		975.791			
Samningar, framlög og styrkir			2.894.522	2.710.166	2.732.346	3.607.361	673.670	2.933.692		já	já
Búsetuúrræði			4.766.248	5.403.377	5.396.325	6.006.464	66.987	5.939.476		já	já
Dagþjónusta			363.556	380.960	380.960	573.782	173.216	400.566		já	já
Heimþjónusta - Heimahjúkri			1.780.886	1.833.505	1.852.815	3.501.794	1.557.239	1.944.555	*		nei
Hjúkrunarheimili			256.198	238.689	238.689	1.397.851	1.190.635	207.216	*		nei
Þjónustuíbúðir			517.363	579.265	579.265	715.863	155.856	560.007	*		nei
Stuðningsfj. stuðningsþj. og f			1.547.534	1.776.466	1.760.357	1.864.248		1.864.248			nei
Stuðningsþjónusta			470.298	506.653	506.525	528.523		528.523		já	
Ýmis úrræði			567.404	516.457	518.947	860.738	257.663	603.075	*		nei
Þróunarverkefni			394.694	419.587	431.144	1.078.550	551.366	527.184	*		nei
Önnur gjöld			117.874	144.748	141.577	281.340	26.087	255.253			nei
Þjónustusamningar (safn)			(50.711)								nei
Hagræðing				(50.420)	(50.420)	(50.420)		(50.420)			
Samtals			20.573.602	21.759.449	21.798.690	27.299.638	4.793.911	22.505.727			
Samtals skoðaðir þjónustubættir						12.690.196	913.873	11.776.324		46,5%	44,5%
*áætlað að greina 2018						7.554.797	3.712.759	3.842.037	27,7%		